Nr. 1.
12.
jan.

# Lög

um

þurrabúðarmenn.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá þessum tíma má enginn gjörast þurrabúðarmaður, nema hann fullnægi þessum skilyrðum:

a. að hann sanni fyrir hreppsnefndinni í þeim hreppi, þar sem hann vill setjast að, með vottorðum tveggja skilríkra manna, að hann sje reglumaður og ráðdeildarsamur.

b. að hann sanni á sama hátt, að hann eigi, auk alls klæðnaðar fyrir sig og sitt skuldalið, skuldlausa fjármuni í peningum eða öðrum fjemætum munum, er nemi að minnsta kosti 400 kr. fjárhæð. Þó má gjöra undantekning frá þessu með samhljóða atkvæðum allra hreppsnefndarmanna.

2. gr.

Sá, sem vill gjörast þurrabúðarmaður, skal skriflega biðja sjer byggðarleyfis hjá hreppsnefnd í hreppi þeim, þar sem hann vill setjast að. Skal hreppsnefndin vandlega athuga öll skjöl og skilríki beiðanda; þyki henni ástæða til, getur hún neitað um leyfið, en gefa skal hún skriflegar ástæður fyrir neituninni, og er beiðanda þá heimilt, að skjóta máli sínu til sýslumanns, en úrskurði hans má skjóta til amtmanns, er leggur síðasta úrskurð á málið.

3. gr.

Enginn má byggja þurrabúðir utan kaupstaðar og verzlunarstaðar, hvort sem henni fylgja sjerstök hús eða landsdrottinn leigir af eigin húsum sínum, nema með þessum skilyrðum:

a. að þurrabúðinni fylgi lóð með ákveðnum merkjum, er að minnsta kosti sje 400 ferhyrningsfaðma að stærð að meðtöldum matjurtagarði, sem byggja skal og rækta við hverja þurrabúð. Fjara skal eigi talin með, þar sem hún fylgir þurrabúðinni.

# Lov

om

## Tomthusmænd.

Nr. 1. 12te Jan.

**Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Herefter maa ingen nedsætte sig som Tomthusmand, medmindre han fyldestgjør følgende Betingelser:

a. at han for Repsforstanderskabet i den Rep, hvor han agter at nedsætte sig, med to troværdige Mænds Vidnesbyrd beviser, at han er en ordentlig og sparsommelig Mand.

b. at han paa samme Maade beviser, at han foruden de nødvendige Klæder til sig selv og sin Familie besidder en Kapital enten i Penge eller i andre Værdigjenstande til et Beløb af idetmindste 400 Kr. Undtagelse herfra kan dog finde Sted, naar saadant enstemmig vedtages af Repsforstanderskabet.

§ 2.

Den, der vil være Tomthusmand, skal til Repsforstanderskabet i den Rep, hvor han agter at nedsætte sig, indsende en skriftlig Begjæring om Tilladelse til Nedsættelsen. Repsforstanderskabet skal grundig undersøge alle Andragerens Dokumenter og Beviisligheder og kan, saafremt Anledning dertil findes, afslaa Begjæringen, men isaafald skal der gives Andrageren et af Grunde ledsaget skriftligt Afslag. Andrageren har Ret til at andrage Sagen for Sysselmanden, hvis Resolution atter kan indankes til Amtet, der endelig afgjør Sagen.

§ 3.

Ingen maa udleje Tomthuse udenfor Kjøbsteder og Handelssteder, hvad enten Tomthusene bestaa af særskilte Bygninger, eller Jorddrotten udlejer dertil en Del af sine egne Bygninger, undtagen paa følgende Vilkaar:

a. at der med Tomthuset følger en bestemt afgrændset Jordlod, der iberegnet en Kjøkkenhave, som skal anlægges og opdyrkes ved hvert Tomthus, idetmindste indtager et Fladerum af 400 □ Favne. Hvor en Forstrand hører til Tomthuset, skal denne ikke medregnes.

Nr. 1. 12. jan.

b. að þurrabúðin hafi nægileg húsakynni fyrir þann, er við tekur, og að þau sjeu viðunanlega loptgóð og hlý, eptir dómi skilríkra manna.

c. að þurrabúðin sje afhent viðtakanda með löglegri úttekt.

4. gr.

Þurrabúðarmaður sá, sem tekur við þurrabúð með óræktaðri lóð, skal hafa ræktað hana og girt innan 7 ára; vera skal hann undanþeginn eptirgjaldi þessi ár.

5. gr.

Þurrabúð með óræktaðri lóð skal ávallt byggð að minnsta kosti 8 ár. Landsdrottinn skal gefa þurrabúðarmanni byggingarbrjef, þar sem skýrt er tekið fram um ábúðartíma, rjettindi og skyldur þurrabúðarmannsins. Nú hefur landsdrottinn vanrækt að gefa byggingarbrjef, og skal þurrabúðin þá álítast byggð þurrabúðarmanni og ekkju hans æfilangt, og með þeim leigumála, er þurrabúðarmaður viðurkennir, nema landsdrottinn sanni, að öðruvísi hafi verið um samið.

6. gr.

Þegar ábúandaskipti verða á þeim þurrabúðum, sem þegar eru til, skal í öllu með fara sem segir í lögum þessum um húsakynni, útmælingu lóðar, ræktun, úttekt og bygging; þó má sýslunefnd eptir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar gjöra undantekningar viðvíkjandi stærð á lóð þurrabúðar.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 1—100 kr. sekt, er renni í sveitarsjóð.

8. gr.

Með mál útaf brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 12. janúar 1888.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

b. at Tomthuset efter troværdige Mænds Skjøn afgiver en tilstrækkelig rummelig, samt taalelig luftig og varm Lejlighed for Lejeren. Nr. 1. 12te Jan
c. at Tomthuset afleveres til Lejeren ved en lovlig Udtægtsforretning.

§ 4.

En Tomthusmand, der tilflytter et Tomthus med udyrket Jordlod, skal have opdyrket og indhegnet denne inden Forløbet af 7 Aar, i hvilken Tid han bør være fritaget for at svare Afgift.

§ 5.

Et Tomthus med udyrket Lod skal altid udlejes for en Tid af idetmindste 8 Aar. Jorddrotten skal give Tomthusmanden et Bygselsbrev, hvor Bygselstiden samt Tomthusmandens Rettigheder og Pligter ere tydelig fremhævede. Naar en Jorddrot har undladt at give Bygselsbrev, skal vedkommende Tomthus anses for at være udlejet til Tomthusmanden og hans Enke paa Livstid paa de af Tomthusmanden anerkjendte Vilkaar, medmindre Jorddrotten beviser, at der har været truffen en anden Overenskomst.

§ 6.

Naar der bliver Lejerskifte i de allerede bestaaende Tomthuse, skulle nærværende Lovs Forskrifter med Hensyn til Bygninger, Opmaaling af Grund, Opdyrkelse, Udtægt og Bygsel, bringes til Anvendelse; dog kan Sysselforstanderskabet paa vedkommende Repsforstanderskabs Indstilling gjøre Undtagelser med Hensyn til Størrelsen af den med et Tomthus følgende Jordlod.

§ 7.

Overtrædelse af nærværende Lov medfører Bøder fra 1—100 Kr., der tilfalde Kommunekassen.

§ 8.

Sager i Anledning af Overtrædelse af denne Lov behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 12te Januar 1888.**

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Nr. 1. Lov af 12te Januar om Tomthusmænd.

**(Optrykt Side.)**